

Leiðbeiningar til hluthafa í Landsbankanum sem vilja selja hluti í bankanum í febrúar-mars 2024

1. Endurkaupatímabil stendur yfir frá og með 19. febrúar 2024 til og með 4. mars 2024.
 2. Landsbankinn býðst til að kaupa hvern hlut í Landsbankanum á genginu 12,8595 (kr. 12,8595 á hlut) á endurkaupatímabilinu.
 3. Þeir hluthafar sem ákveða að taka boði bankans skulu fylla út tilkynningu þar að lútandi. Eyðublað fyrir tilkynninguna er aðgengilegt á vef bankans, www.landsbankinn.is/endurkaup.
 4. Hluthafi sem ákveður að taka boði bankans skal fylla út tilkynninguna með nafni, kennitölu, heimilisfangi, símanúmeri, netfangi, fjölda hluta sem eru í eigu hans, fjölda hluta sem hann vill selja og dagsetningu.
 5. Hluthafi sem undirritar tilkynninguna með fullgildri rafrænni undirritun þarf að hafa samband við Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Landsbankans í síma 410-4040 eða með tölvupósti á vl@landsbankinn.is sem aðstoða hluthafa við að koma tilkynningunni í rafrænt undirritunarferli. Tilkynningin þarf að berast bankanum undirrituð fyrir kl. 16:00, mánudaginn 4. mars 2024. Tilkynningar sem berast eftir þann tíma verða ekki afgreiddar. Ef hluthafi er lögaðili þarf að gæta þess að sá sem undirritar tilkynninguna hafi til þess gilt umboð.
 6. Hluthafi sem undirritar tilkynninguna með eiginhandarundirskrift þarf að prenta tilkynninguna og undirrita hana. Hluthafi gerir síðan PDF-skjal af tilkynningunni, útfylltri og undirritaðri, og sendir skjalið sem fylgiskjal með tölvupósti á netfangið endurkaup@landsbankinn.is. Einnig er hægt að afhenda tilkynninguna útfyllta og undirritaða í útibú eða starfsstöð Landsbankans. Tilkynningin þarf að berast bankanum undirrituð fyrir kl. 16:00, mánudaginn 4. mars 2024. Tilkynningar sem berast eftir þann tíma verða ekki afgreiddar. Ef hluthafi er lögaðili þarf að gæta þess að sá sem undirritar tilkynninguna hafi til þess gilt umboð.
 7. Berist Landsbankanum rétt útfyllt og undirrituð tilkynning í samræmi við ofangreint er kominn á bindandi samningur milli bankans og viðkomandi hluthafa um kaup á þeim hlutum sem tilgreindir eru í tilkynningunni og eru í eigu viðkomandi hluthafa.
 8. Ef tilkynning berst ekki til bankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá ber bankinn ekki ábyrgð á því. Staðfesting Landsbankans á móttöku er forsenda gildrar sönnunar á tilkynningunni.
 9. Landsbankinn mun greiða andvirði keyptra hluta inn á greiðslureikning sem tengdur er vörslureikningi hluthafa innan tveggja daga frá því að rétt útfyllt og undirrituð tilkynning berst bankanum.
 10. Landsbankinn veitir hluthöfum ekki fjárfestingarráðgjöf eða aðra fjárfestingarþjónustu samkvæmt lögum nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, í tengslum við kaup bankans á eigin hlutum. Landsbankinn bendir hluthöfum á að leita sér ytri sérfræðiráðgjafar vegna kaupanna en bankinn ber enga ábyrgð á slíkri ráðgjöf.
 11. Tilkynningar verða afgreiddar á endurkaupatímabilinu í þeirri röð sem þær berast bankanum þar til hámarki endurkaupa (54 milljónum hluta) verður náð. Verði hámarkinu náð á tímabilinu verða frekari tilkynningar ekki afgreiddar.
- Nánari upplýsingar er að finna á vef Landsbankans, www.landsbankinn.is/endurkaup. Þá verða upplýsingar veittar í síma 410 4040 og í tölvupósti á vl@landsbankinn.is.